




# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

1. tbl. janúar 2013



## Meðal efnis:

Liðsstyrkur	4
Kjaraviðræður við FG	6
Frumvarp til stjórnskipunarlaga	9
Málþing um gróðurelda	11
Dagsetningar samræmdra prófa	12
Frumvarp um persónukjör	14

# Ávarp

Eitt af meginhlutverkum Sambands íslenskra sveitarfélaga er að sinna upplýsinga- og útgáfustarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga og hefur svo verið frá stofnun sambandsins árið 1945. Í þessum tilgangi hefur sambandið m.a. gefið út tímaritið Sveitarstjórnarmál. Þá hefur sambandið haldið úti samskipta- og upplýsingavef á netinu frá árinu 1998. Miklar breytingar og ör þróun hafa átt sér stað á síðustu árum í útgáfumálum og upplýsingatækni. Miðlun upplýsinga og fræðsla hefur verið að færast frá hefðbundnum prentmiðlum, sem rekja má aftur til miðrar 15. aldar, og yfir í miðlun upplýsinga með rafrænum hætti.


Á síðasta ári var gerð könnun meðal sveitarstjórnarmanna og valinna hópa starfsmanna sveitarfélaga um útgáfu- og upplýsingamál sambandsins. Alls svöruðu könnuninni um 220 manns og var niðurstaðan afgerandi um þá spurningu hvort menn hefðu áhuga á því að fá rafrænt fréttabréf frá sambandinu. Um 80% svarenda höfðu áhuga á því.

Með TÍÐINDUM af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga er hleypt af stokkunum tilraun sem er ætlað að auka upplýsingagjöf um starfsemi sambandsins. Er stefnt að því að fréttabréfið komi út mánaðarlega á rafrænu formi út þetta ár, en framhald þessarar útgáfu veltur að sjálfsögðu á viðtökum sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga. Þetta rafræna fréttabréf mun flytja tíðindi af þeim verkefnum sem efst eru á baugi í starfsemi sambandsins og starfsmenn þess eru að fást við á hverjum tíma.

Áfram verður heimasíða sambandsins meginvettvangur fyrir upplýsingamiðlun og fréttir frá sambandinu. Eru sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga hvattir til þess að gerast áskrifendur að fréttum á heimasíðunni, en þær berast þá um leið og þær birtast þar. Gert er ráð fyrir því að áhugaverðar fréttir af heimasíðunni verði birtar að nýju í rafræna fréttabréfinu, sem verður sent með tölvupósti til allra sveitarstjórnarmanna og valinna hópa starfsmanna sveitarfélaga.



**TÍÐINDI**  
af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga



Síðar á árinu er stefnt að því að sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga verði spurðir állits á þessari tilraunarútgáfu og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um það hvort fréttabréfið verður gefið út áfram og hvort einhverjar breytingar verða gerðar á útgáfu tímaritsins Sveitarstjórnarmála.

Allar athugasemdir og ábendingar eru vel þegnar og eru lesendur TÍÐINDANNA hvattir til þess að láta til sín heyra. Viðbrögð lesenda eru mikilvæg við þróun fréttabréfsins.

*Magnús Karel Hannesson  
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs*



# ATVINNUMÁL



*Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem er hér fremst til vinstri, er fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórninni en verkefnisstjórinn, Runólfur Ágústsson, er fremst til hægri. Myndin er tekin á kynningarfundi sem haldinn var í húsakynnum sambandsins í janúar.*

## Liðsstyrkur

Í lok ársins 2012 gerðu sveitarfélögin, ríkið og aðilar vinnumarkaðarins með sér samkomulag um áttak til að mæta aðstæðum þess fólks sem hefur eða mun á árinu 2013 fullnýta rétt sinn til bóta í atvinnuleysistryggingakerfinu.

Stefnt er að því að öllum atvinnuleitendum sem fullnýttu eða fullnýta rétt sinn á

tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013, samtals 3.700 manns, verði öllum boðin vinna eða starfsendurhæfing á árinu 2013 enda skrái þeir sig til þátttöku í átakið. Sköpuð verða 2.200 tímabundin ný störf fyrir langtímaatvinnuleitendur í þessum hópi á árinu 2013.

Sveitarfélög munu bjóða 660 störf, ríkið 220 störf og almenni vinnurmarkaðurinn 1.320 störf. Til viðbótar verður þeim sem á þurfa að halda boðin starfsendurhæfing.

Allir atvinnuleitendur innan þessa hóps, sem skrá sig, munu fá tilboð um starf. Markmiðið er að enginn falli af atvinnuleysisbótum án þess að fá slíkt tilboð.

Atvinnuleysisstryggingasjóður niðurgreiðir stofnkostnað atvinnurekenda við ný störf tímabundið og nemur styrkur með hverri ráðningu grunnatvinnuleysisbótum ásamt 8% framlagi í lífeyrissjóð, samtals kr. 186.417. á mánuði. Atvinnurekandi gerir síðan hefðbundinn ráðningarsamningi við atvinnuleitanda og greiðir honum laun samkvæmt kjarasamningi.

Þeim atvinnuleitendum sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda verður vísað til

VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs og boðin starfsendurhæfing.

Sérstakur biðstyrkur er í boði fyrir þá atvinnuleitendur sem hafa verið skemur en 42 mánuði á bótum þegar þeir missa bótarétt sinn. Sá styrkur er tímabundinn í allt að sex mánuði eða þar til viðkomandi fær tilboð um starf. Styrkfjárhæð svarar til fyrri bótaréttar einstaklings.

Verkefnisstjóri átaksins er Runólfur Ágústsson (runolfur.agustsson@vmst.is), en fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni eru þær Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjara- og starfsmannasviði sambandsins, og Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Nánari upplýsingar um átakið má finna á vef Líðsstyrks á slóðinni, [www.lidsstyrkur.is](http://www.lidsstyrkur.is)



# KJARAMÁL

Kjaraviðræður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) við Félag grunnskólakennara (FG) hafa staðið yfir með hléum frá því í lok ágústmánaðar 2011. Kjaraviðræðurnar hafa verið vandasamt og yfirgripsmikið verkefni, sem byggst hefur á ýtarlegri greiningarvinnu og umræðu aðila. Samt sem áður er samningur milli aðila ekki enn í sjónmáli.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur í viðræðum við Félag grunnskólakennara unnið á grundvelli

fullnaðarumboðs frá sveitarfélögunum og samkvæmt samningsmarkmiðum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í markmiðum sambandsins er megináherslan lögð á að:

- færa vinnutímakafla kjarasamningsins nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði
- aðlaga vinnutímakaflann að breyttum grunnskólalögum, reglugerðum og nýrri aðalnámskrá
- draga úr því verkefnaálagi sem kennarar upplifa með markvissari stjórnun og forgangsröðun
- vinnutími kennara verði samfelldur og unnin á vinnustað undir yfirstjórn og í samvinnu við skólastjórnendur

Niðurstöður sameiginlegrar vinnu aðila í samningaferlinu gefa ágæta yfirsýn yfir þau vandamál sem vinnutímakafla kjarasamningsins skapar í vinnuumhverfi grunnskólakennara og fleiri atriði sem bæta má úr í skólastarfi. Mikilvægt er að vinnutímakafla kjarasamningsins mæti þörfum nútíma grunnskóla. Samningsaðilar hafa hins vegar afar ólíka sýn á hvernig



# Kjaraviðræður við Félag grunnskólakennara

nálgast skuli lausn þeirra vandamála sem uppi eru. Það er mat SNS að aukið verkefnaálag á kennara megi skýra að töluverðu leyti með því hversu ósamrýmanleg framkvæmd þeirrar skólastefnu er, sem sveitarfélögin vinna eftir þ.e. „Skóla án aðgreiningar“, við gildandi vinnutímakafla kjarasamnings kennara.

Kjarasamningur grunnskólakennara hefur þá sérstöðu meðal kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga að í honum er nánast hver mínúta í dagvinnu kennara skipulögð með miðlægum hætti, merkt tilteknum verkþáttum og öðrum ekki. Raunveruleikinn er hins vegar sá að þrátt fyrir að grunnskólakennarar sinni sömu grunnverkefnum þá vinna þeir, sem háskólamenntaðir sérfræðingar, mjög sjálfstætt og því þarf kjarasamningurinn að mæta einstaklingsbundnum breytileika þeirra, þörfum mismunandi kennslugreina, skóla og nemenda. Það er mat SNS að það henti ekki nútíma skólastarfi að skipulag vinnu starfsmanna sé ákveðið í smáatriðum í miðlægum kjarasamningi. Markmið sambandsins stefna í þá átt að auka sveigjanleika vinnutímakaflans og færa daglegt skipulag og stjórn skólanna heim á vettvang þeirra.

SN hefur í viðræðum við FG lagt fram tillögur að breyttum vinnutímakafla og einnig bent á ýmsar aðferðir og leiðir til að bæta vinnuumhverfi kennara og mæta auknu álagi í störfum þeirra. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum kennara og auka stjórnunarheimildir skólastjóra í kjarasamningi. SNS telur að það sé hvorki raunhæft né æskilegt að draga úr kennsluskyldu kennara. Þvert á móti verði að leggja áherslu á að kennslan er meginþátturinn í starfi hvers kennara og því rík ástæða til þess að greina þau verkefni sem bæst hafa við hefðbundin störf kennara á undanförunum árum, m.a. í kjölfar innleiðingar „Skóla án aðgreiningar“. Sú greining þarf að liggja fyrir sem grundvöllur að vinnu við nýjan vinnutímakafla kjarasamnings grunnskólakennara.

Samningsaðilar hafa verið mjög meðvitaðir um þann ágreining sem uppi er um leiðir til lausnar kjaradeilunnar og óhætt að segja að fram að þessu hafi báðar samninganefndir lagt sig fram um að ræða vandamálin af fagmennsku án þess að setja hvor annarri afarkosti. Samningsaðilar vísuðu kjaradeilu sinni sameiginlega til ríkissáttasemjara þann 3. desember sl. og hafa viðræður verið undir hans stjórn frá þeim tíma.



# STJÓRNSÝSLA


## Endurútgefnar leiðbeiningar um ritun fundargerða



Innanríkisráðuneytið hefur endurútféfið leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna. Markmið leiðbeininganna er að veita leiðsögn um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða, sbr. 2. mgr. 19. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Leiðbeiningarnar má finna á vef innanríkisráðuneytisins.





## Frumvarp til stjórnskipunarlaganna

Sambandið sendi fyrir áramót umsögn til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um þá þætti í frumvarpi til stjórnskipunarlaganna, 415. mál er varða stjórnskipulega stöðu sveitarfélaga. Umsögnin fjallar aðallega um VII. kafla frumvarpsins og álitaeftirfarandi sem snúa að 2. gr. þess.

Á nýju ári hefur sambandið sent stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd bréf ásamt minnisblöðum og athugasemdum sem lúta flestar að því að ákvæði frumvarpsins hafi að geyma of ítarlegur efnisreglur, í stað þess að setja fram skýr og hnitmiðuð markmiðsákvæði sem löggjafanum og stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga ber að framfylgja.

# FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR





# Málþing um gróðurelda

Fimmtudaginn 17. janúar efndi sambandið til málþings um gróðurelda í samstarfi við Félag slökkviliðsstjóra og Mannvirkjastofnun. Markmið málþingsins var að kalla ríki, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila saman til umræðu um þá vá sem felst í gróðureldum. Tæplega 90 manns sóttu málþingið sem fór fram í Hjálmakletti í Borgarbyggð. Á þinginu voru flutt fjölmörg áhugaverð erindi þar sem m.a. var rætt um reynslu slökkviliða af gróðureldum og hvaða

úrboða er þörf á þeim vettvangi. Þá ræddu skógarbændur og sveitarstjórnarmenn um sína reynslu en einnig var rætt um núverandi lagaumgjörð og hvaða aðgerða er þörf til að styrkja hana, s.s. með boðum og bönnum. Einnig var rætt um forvarnir gegn gróðureldum og hvað er til ráða í þeim efnum.

Öll erindi málþingsins voru tekin upp og eru þau aðgengileg á vef sambandsins.



# SKÓLAMÁL

## Dagsetningar samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla árið 2013. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skuli lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Jafnframt er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd

könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2013 verða sem hér segir:

### 10. bekkur

Íslenska • mánudagur 23. september  
Enska • þriðjudagur 24. september  
Stærðfræði • miðvikudagur 25. september

### 4. og 7. bekkur

Íslenska • fimmtudagur 26. september  
Stærðfræði • föstudagur 27. september






Ákvörðun um prófdaga samræmdra könnunarprófa haustið 2013 var tekin í samráði við Námsmatsstofnun sem sér um framkvæmd prófanna. Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa er aðgengileg á vef ráðuneytisins.

Samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00 að morgni og er gert ráð fyrir að þau raski sem allra minnst venjulegu skólahaldi. Próftími er breytilegur eftir aldri nemenda og má sjá ítarlegar upplýsingar um hann í 2. kafla Handbókar um uppbyggingu og framkvæmd samræmdra könnunarprófa árið 2013 sem sett verður á vef Námsmatsstofnunar í mars 2013.



# LÝÐRÆÐISMÁL

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um kosningar til sveitarstjórna þar sem vægi persónukjörs er aukið frá því sem nú er. Innanríkisráðherra hefur þegar mælt fyrir frumvarpinu og því verið vísað til umfjöllunar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.



# Frumvarp um persónukjör

Í frumvarpinu er lagt til að við bundnar hlutfallskosningar verði tekin upp persónukjörsaðferð sem notuð er við sveitarstjórnar- og fylkiskosningar í Noregi. Norska persónukjörsaðferðin er bæði einföld að gerð og í framkvæmd. Helsti kostur hennar er að ekki þarf að bylta núverandi kerfi hér á landi, sem kjósendur hafa búið við um langan tíma, þótt vissulega þurfi að aðlaga kerfið vegna fámennis samanborið við Noreg. Breytingin yrði fyrst og fremst sú að kjósendum gæfist kostur á að greiða einstökum frambjóðendum persónuatkvæði. Kjósendur munu því að miklu leyti ákvarða röð efstu manna, þar sem samanlögð persónuatkvæði hvers frambjóðanda, að teknu tilliti til atkvæðaálags, sem framboðum er heimilt að veita takmörkuðum fjölda frambjóðenda á lista sem þau bjóða fram, ráða endanlega röð hans á listanum. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að kjósendur fái heimild til þess að veita frambjóðendum á öðrum listum en listanum sem þeir kjósa persónuatkvæði samkvæmt nánar útfærðum skilyrðum í lagafrumvarpinu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.:

*„Hugmyndin um að auka persónukjör tengist almennum sjónarmiðum um aðhald kjósenda með stjórn mála-samtökum og aukinni þátttöku kjósenda*

*í lýðræðislegu starfi. Erlendis hefur verið bent á að þetta aðhald kjósenda minnki með dvínandi kosningaþátttöku en að persónukjör, með svipuðum hætti og hér er lagt til, gæti dregið kjósendur aftur að kjörborðinu. Persónukjör væri þá fallið til að styrkja lýðræðislegt umboð kjörinna fulltrúa og endurspeglar óskir fleiri kjósenda. Ef stjórn mála-samtök eða önnur framboð heimiluðu persónukjör, við framboð sín til sveitarstjórna, gætu þau haft áhrif á þróun fulltrúalýðræðis, því kjósendur hefðu þá aukin tækifæri til þess að velja ákveðna fulltrúa til setu í sveitarstjórnunum.“*

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga komu að undirbúningi og gerð frumvarpsins og það hefur verið kynnt í stjórn sambandsins. Engin afstaða hefur verið tekin til frumvarpsins á vettvangi sambandsins en gert er ráð fyrir því að það verði sent öllum sveitarfélögum til formlegrar umsagnar innan tíðar.

Á vef Alþingis má nálgast frumvarpið og þær umræður sem fram fóru þegar mælt var fyrir því.

Á vef sambandsins má finna samantekt um persónukjörsaðferðir í öðrum norrænum ríkjum.



## Frumvarp til laga um tónlistarskóla

Nefnd um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, hefur lokið störfum og afhent Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, tillögu sína að frumvarpi til laga um tónlistarskóla. Um er að ræða heildarendurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, en þau lög þykja veita heldur ófullkominn ramma um starfsemi tónlistarskóla og fjalla t.d. mjög lítið um inntak tónlistarnáms eða þær kröfur sem gerðar eru til tónlistarskóla.

Rekstur tónlistarskóla hefur fram til þessa verið valkvætt verkefni sveitarfélaga og felur tillaga nefndarinnar ekki í sér breytingu á því fyrirkomulagi. Í frumvarpinu er hins vegar kveðið á um starfsemi tónlistarskóla með mun skýrari hætti en í gildandi lögum. Þá er sérstaklega mælt fyrir um að sjálfstætt starfandi tónlistarskólar eigi rétt á viðurkenningu ráðuneytis og gert ráð fyrir tilteknum

lágmarkskröfum um efni þjónustusamnings milli slíkra skóla og sveitarfélaganna. Í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður veiti árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til kennslukostnaðar að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik.

Frumvarpstíllagan er nú í opnu samráðsferli á vef ráðuneytisins til þess að gefa öllum kost á að kynna sér efni hennar og beina athugasemdum sínum og ábendingum til





# SKÓLAMÁL

ráðuneytisins Veittur er frestur til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin til 6. febrúar 2013.

Helstu nýmæli sem finna má í frumvarps-tillögu nefndarinnar eru m.a.:

1. Lagt er til að sett verði heildstæð löggjöf um starfsemi tónlistarskóla.
2. Lagt er til að fjallað verði um skipan tónlistarnáms og hlutverk ráðuneytisins og sveitarfélaga með nánari hætti en áður.
3. Í frumvarpinu er lagt til að öllum, sem uppfylla skilyrði laganna, verði heimilt að stofna tónlistarskóla. Tónlistarskólar eigi þó ekki sjálfkrafa kröfu á framlög úr hendi sveitarfélaga eða styrkjum af almannafé.
4. Lagt er til að fjallað verði um starfsgengisskilyrði skólustjóra og kennara. Jafnframt að óheimilt verði að ráða einstakling til starfa við tónlistarskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
5. Lagðar eru til breytingar á fjárstuðningi og kostnaðarpátttöku hins opinbera frá gildandi lögum. Í þeim felst að ríkissjóður veiti árlega fjárveitingu á fjárlögum til sveitarfélaga sem renni til kennslukostnaðar sveitarfélaga

vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik sem fram fer samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

6. Mælt er fyrir um fjárstuðning nemenda til tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags síns. Slíkur réttur nemenda til tónlistarnáms, utan lögheimilissveitarfélags, skal háður samningi þess við hlutaðeigandi tónlistarskóla eða reglum skv. 17. gr. frumvarpsins.
7. Mælt er fyrir um að nánar verði kveðið á um skyldur einstakra tónlistarskóla um innritun nemenda og þær reglur sem skóli hyggst leggja til grundvallar innritun nemenda í þjónustusamningi skv. 8. gr. frumvarpsins.
8. Gert er ráð fyrir að tónlistarskólar eigi rétt á framlögum úr sameiginlegum sprotasjóði skóla, sem hefur fram til þessa verið starfræktur í þágu leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins hefur m.a. verið að styðja við þróunarstarf og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og er lagt til að sjóðurinn styðji einnig við skólastarf í tónlistarskólum.

# Samkomulag um eflingu grunnmenntunar í raunvísindum og tækni

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, og Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins undirrituðu fyrir stuttu samning um aðgerðaáætlun til að efla grunnmenntun í raunvísindum og tækni.

„Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni“ eða GERT er heiti aðgerðaáætlunar Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Verkefnið hófst á síðasta ári með því að settur var á stofn samstarfshópur þessara aðila um aðgerðir til að auka áhuga 10-15 ára nemenda á raunvísindum og

tækni. Hópurinn kortlagði stöðu raunvísinda- og tæknimenntunar m.t.t. frammistöðu nemenda, viðhorf og mat kennara og forspár um þörf fyrir raunvísinda- og tæknimenntað fólk. Jafnframt var sett fram aðgerðaáætlun og tillögur að næstu skrefum. Með samningnum er verkefninu haldið áfram og ráðinn hefur verið verkefnisstjóri og skipaður samvinnuvettvangur atvinnulífs, kennaramenntunar, raunvísinda og tæknimenntunar og grunnskóla. Verkefnið var kynnt á menntdegi iðnaðarins 24. janúar 2013.

Aðgerðaráætlun GERT.  
Bakgrunnsskýrsla GERT.

## Landsþing 2013

Landsþing Sambands  
íslenskra sveitarfélaga  
verður haldið á Grand hótél  
15. mars 2013.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2013/01

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi sem heimildir er getið.*